

Hafnarnefndarfundur Skagastrandarhafnar

Mánudaginn 22. janúar 2007 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu Höfðahrepps kl 14.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Árni Sigurðsson, Gunnar Sveinsson, Sævar R. Hallgrímsson og Magnús B. Jónsson.

Einnig mætti á fundinn Kristján Helgason, tæknifræðingur Siglingastofnunar

Formaður, Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Skipulag og framkvæmdir 2007.

Kristján Helgason lagði fram og kynnti uppdrætti og kostnaðarútreikninga vegna þeirra valkosta sem geta verið á endurbyggingu mannvirkja vegna lélegs ástands Ásgarðs.

Fram kom að hann hafði skoðað eftirfarandi lausnir:

- a) Ramma stálþil utan um núverandi bryggju.
- b) Byggja Ásgarð upp með leiðréttri stöðu miðað við önnur mannvirki.
- c) Lengja Miðgarð yfir að þeim stað sem Ásgarður stendur.

Kristján fór yfir kosti og galla á hverjum valkosti fyrir sig og ræddi kostnaðarsamanburð og kom fram að kostnaður getur legið á bilinu 100-127 milljónir eftir útfærslum. Hann kynnti einnig gögn um stöðu hafnarinnar til ríkisstyrktra framkvæmda.

Hafnarnefnd fór yfir fyrirliggjandi gögn og varð talsverð umræða um fyrrgreinda valkosti.

Umræður urðu um upptökubraut fyrir smábáta og fór Kristján yfir forsendur hönnunar brautarinnar. Hafnarnefnd ræddi möguleika á að lagfæra upptökubrautina og óskaði eftir að Kristján gerði tillögu að úrbótum.

2. Dráttarbraut.

Fyrir fundinum lá bréf frá Trésmiðjunni Hefli ehf sem segir upp leigusamningi að dráttarbrautinni og óskar eftir að vera laus undan samningnum 1. febrúar 2007.

Sveitarstjóra var falið að auglýsa brautina til leigu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.00

Adolf H. Berndsen

Árni Sigurðsson

Gunnar Sveinsson

Sævar Hallgrímsson

Magnús B. Jónsson

Kristján Helgason